

Föstudaginn 26. maí 1989.

Nr. 109/1989. **Pétur Gunnlaugsson**  
**f.h. einkafirma síns, Leigumála,**  
**gegn**  
**Sigurmar K. Albertssyni hrl.**  
**Vinnustofunni Klöpp**  
**Landsbanka Íslands**  
**Árna Vilhjálmsyni hdl.**  
**Gjaldheimtunni í Reykjavík**  
**Guðmundi Jónssyni hdl.**  
**Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis**  
**Gísla Baldri Garðarssyni hrl.**  
**Híbýlum sf.**  
**Bókabúð Lárusar Blöndal**  
**Árvakri hf.**  
**Almennum tryggingum hf.**  
**Halldóri Hjartarsyni**  
**Flugleiðum hf. og**  
**Samvinnutryggingum g.t.**

Máli vísað frá Hæstarétti.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Haraldur Henrysson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. mars 1989. Kröfur hans eru þær að uppboðsgerð uppboðsréttar Reykjavíkur, sem fram fór í norðurhluta 2. hæðar hússins nr. 18 við Skólavörðustíg í Reykjavík 22. febrúar 1989, verði dæmd ógild og uppboðið úr gildi felld í heild sinni. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefndu í Hæstarétti.

Við þingfestingu málsins í Hæstarétti 3. maí 1989 var sótt dómþing af hálfu stefndu Sigurmars K. Albertssonar hrl., Vinnustofunnar Klappar, Landsbanka Íslands, Árna Vilhjálmssonar hdl., Gjaldheimtunnar í Reykjavík, Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, Gísla Baldurs Garðarssonar hrl., Flugleiða hf. og Samvinnutrygginga g.t. og krafist frávísunar málsins frá Hæstarétti.

Af hálfu stefndu Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis og Gjaldheimtunnar í Reykjavík var skilað greinargerð til stuðnings frávisunarkröfunni og gerð krafa um málskostnað úr hendi áfrýjanda. Sigurmar K. Albertsson hrl. skilaði einnig greinargerð um frávisunarkröfuna.

Stefndu benda á að eignarhluti áfrýjanda hafi verið seldur á þriðja og síðasta nauðungaruppboði 5. mars 1987. Því uppboði hafi verið áfrýjað með stefnu 2. apríl 1987 til þingfestingar 4. maí s.á., en þann dag hafi málið, sem var nr. 118/1987, fallið niður vegna útivistar áfrýjanda. Áfrýjandi hafi fengið gefna út nýja stefnu 29. maí 1987, en því máli, sem var nr. 180/1987, hafi lokið með frávisunardómi Hæstaréttar 13. október 1988. Þar sem hæstbjóðandi á uppboðinu 5. mars 1987 hafi ekki staðið við boð sitt hafi hinn 22. febrúar 1989 farið fram vanefndauppboð samkvæmt 35. gr. laga nr. 57/1949, um nauðungaruppboð. Hið áfrýjaða uppboð sé í raun sama mál og áður var áfrýjað og brjóti áfrýjun nú því í bága við 36. gr. laga nr. 75/1973, um Hæstarétt Íslands.

Áfrýjandi mótmælir fram kominni frávisunarkröfu og heldur því fram að hið áfrýjaða uppboð sé nýtt og sjálfstætt uppboðsmál. Hafi efni þess ekki komið til kasta Hæstaréttar áður og séu málsástæður hans aðrar en í hæstaréttarmálunum nr. 118/1987 og 180/1987. Vanefndauppboðið hafi verið sérstök dómsathöfn, sem lúti sömu málskotsreglum og aðrar dómsathafnir. Frávisunarkrafan eigi því ekki við rök að styðjast.

Uppboð samkvæmt 35. gr. laga nr. 57/1949 er úrræði sem uppboðsbeiðandi eða þeir aðilar, sem 1. mgr. 21. gr. sömu laga greinir, geta krafist vegna vanefnda kaupanda í stað þess að krefja hann beint um greiðslu í samræmi við tilboð sitt. Uppboð þetta fer fram á kostnað og áhættu kaupanda, sem vanefnt hefur boð sitt, og samkvæmt þeim uppboðsskilmálum er áður voru ráðnir. Kaupanda er eftir sem áður skylt að greiða það sem fæst minna fyrir eign á vanefndauppboði en það er áður var hæst boðið. Slíkt uppboð fer því fram af ástæðum sem ekki varða uppboðspola og ekki á kostnað hans.

Áfrýjandi hefur tvívegis skotið til Hæstaréttar nauðungaruppboði á ofangreindri fasteign, er fram fór 5. mars 1987, en ekki fylgt þeim áfrýjunum eftir.

Með vísan til 36. gr. laga nr. 75/1973 ber að vísa máli þessu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Rétt er að áfrýjandi greiði stefndu Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis og Gjaldheimtunni í Reykjavík 5.000,00 krónur hvoru fyrir sig í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Pétur Gunnlaugsson f.h. Leigumála, greiði stefndu Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis og Gjaldheimtunni í Reykjavík 5.000,00 krónur hvoru fyrir sig í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

---